

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. mars 2013
Tilvísun: UST20130100115/mik

Efni: 10.000 tonna laxeldi Laxa fiskeldis ehf. í sjókvíum í Reyðarfirði - umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2013 þar sem óskað er um sagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Með ofangreindu erindi barst kynningarskýrsla Laxa fiskeldis ehf. um fyrirhugaða framkvæmd.

Lýsing á framkvæmd

Í skýrslu Laxa fiskeldis ehf. kemur fram að félagið áformar að byggja upp áframeldi á ríflega 20.000 tonnnum af laxi í sjókvíum á Austfjörðum. Fyrsta skrefið er að setja á stofn 6.000 tonna sjókvíaeldisstöð í Reyðarfirði í Fjarðabyggð en félagið hefur þegar fengið tilskilin leyfi til þeirrar framkvæmdar og mun hefja eldi vorið 2014. Tilkynningin tekur til 10.000 tonna viðbótarframleiðslu í Reyðarfirði eða allt að 16.000 tonna ársframleiðslu á laxi í sjókvíum í firðinum.

Fram kemur að félagið mun reka laxasláturhús á þegar skipulögðu svæði í Fjarðabyggð og að sú hafnaraðstaða sem þegar er fyrir hendi í sveitarfélaginu mun nýtast við að þjónusta eldið.

Í skýrslu framkvæmdaraðila kemur fram eldið verði rekið á fjórum stöðum þar sem hvílt verður á milli kynslóða en ekki kemur fram hversu lengi svæði verða hvíld en vísað til þess að í Noregi telji menn 2ja mánaða hvíld nægjanlega. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 3. gr. reglugerðar nr. 401/2012 um fiskeldi skulu eldissvæði hvíld í a.m.k. 90 daga þegar eldi og slátrun hvernar kynslóðar lýkur. Við val á staðsetningum var skv. skýrslunni horft til siglingaleiða, fjarlægðar frá landi, hagstæðra botnsskilyrða, dýptar og sjólags og að tekið hafi verið tillit til nauðsynlegrar fjarlægðar á milli kvíþyrpinga m.t.t. sjúkdómavarna og þynningarsvæða. Í skýrslunni kemur fram að mat framkvæmdaraðila sé að fjarlægð á milli staðsetninga eldiskvía félagsins í firðinum sé fullnægjandi í ljósi þeirra náttúruskilyrða sem þar eru og líta megi á hverja og eina þyrpingu sem einangraða framleiðslueiningu. Skv. 3. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 401/2012 segir að lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva

skuli samkvæmt meginviðmiði vera 5 km miðað við útmörk hvers eldissvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Einnig segir að Fiskistofa geti að höfðu samráði við Matvælastofnun og Hafrannsóknastofnun að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í skýrslu framkvæmdaraðila hver fjarlægðin milli kvíabýrpinga verður en út frá kortum á mynd 2 og 3 í skýrslunni virðist fjarlægðin vera u.þ.b. 2 km þar sem hún er minnst. Í skýrslunni er fullyrt að í Noregi tíðkist að gefa út leyfi til reksturs sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila allt niður í einn kílómetra þó sömu viðmiðunarreglur gildi um fjarlægðarmörk og hér. Umhverfisstofnun telur að í ljósi ófullnægjandi upplýsinga um strauma á fyrirhuguðum eldissvæðum séu ekki forsendur til að meta hvort slíkar undanþágur frá fjarlægðarviðmiðum reglugerðar um fiskeldi nr. 401/2012 séu réttlætanlegar í fyrirhuguðu laxeldi í Reyðarfirði.

Í skýrslu Laxa fiskeldis ehf. kemur fram að notast verður við eldiskvíar sem fullnægja kröfum Fiskistofu, í hæsta gæðaflokki og viðurkenndar af norskum yfirvöldum og tryggingafélögum þar. Góð reynsla er sögð af þessum kvíabúnaði. Dýpi þar sem kvíarnar verða staðsettar verður utan fjöru á yfir 40-60 m dýpi. Fram kemur að kvíarnar verði ekki litaðar með kopar til að verjast ásætum heldur verði þær spúlaðar með jöfnu millibili yfir sumartímenn. Einnig verður reglubundið eftirlit kafara og neðansjávarmyndavéla með nótum og sérstakt eftirlit með kvíunum í tengslum við illviðri.

Fram kemur í skýrslunni að sá lax sem notaður verður í eldinu er kynbættur eldislax af norskum uppruna sem framleiddur hefur verið af Stofnfiski undir heitinu Sagalax. Keypt verða 80-100 gramma sjógönguseiði og þau flutt í eldiskvíar félagsins. Fiskurinn mun ná sláturstærð eftir 22-24 mánuði og verður kynslóðum haldið aðskildum. Hámarkslífmassi í kví verður um 630 - 650 tonn og ætti þéttleiki í kví aldrei að verða meiri en 25 kg/m³. Eldi fer fram á tveimur til fjórum staðsetningum og verður því ávallt eitt svæði í hvíld. Ekki kemur fram hversu lengi hvert svæði verður hvílt milli árganga. Fram kemur að laxinum verður slátrað áður en hann nær kynþroska skv. skýrslunni og öll seiði verða bólusett fyrir sjósetningu. Eingöngu verður notast við sjúkdómafrí seiði vottuð af dýralækni.

Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfum til laxeldis í sjó hefur stofnunin sett þau skilyrði að þéttleiki í kvíum eigi ekki að fara yfir 25 kg/m³ vegna mengunarhættu.

Staðhættir

Í skýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að Reyðarfjörður er 30 km langur 6 km breiður í fjarðarmynninu og mjókkar þegar innar dregur. Dýpi er mikið í öllum firðinum en mesta dýpi er um 200 metrar og hann er dýpstur yst og í miðju fjarðarins. Fram kemur að sjávarhiti í Reyðarfirði sé ákjósanlegur fyrir fiskeldi líkt og á öllu Austfjarðasvæðinu og að ekki finnist dæmi um undirkælingu á þessum slóðum.

Fram kemur í skýrslu Laxa fiskeldis ehf. að gerðar hafi verið umfangsmiklar náttúruvannsóknir í Reyðarfirði vegna fyrirhugaðra framkvæmda Reyðaráls hf. í tengslum við umhverfismat. Gerðar voru rúmlega tveggja mánaða samfelldar straummælingar í firðinum frá síðustu viku í júlí til fyrstu viku í október, auk mælinga með straumsjá. Þá voru þrívægis gerðar mælingar á hita og seltu í öllum firðinum. Gegnskin var kannað tvisvar sinnum samhliða. Hiti, selta, næringarefni, botndýr, svifþörungur og dýrasvif var kannað einu sinni í ágúst í innri Reyðarfirði. Niðurstöður straummælinga sýna að straumur liggur inn fjörðinn að norðanverðu og út að sunnanverðu.

Í skýrslu framkvæmdaraðila segir að straumur sé um 2,5 m/sek til 3,0 m/sek sem er að sögn framkvæmdaraðila verulega góður straumur til fiskeldis. Umhverfisstofnun telur að þarna sé um að ræða misritun og að væntanlega sé straumurinn 2,5 cm/sek til 3,0 cm/sek. Ekki kemur fram hvar í firðinum sá straumur mældist eða hvort um er að ræða reiknaðan meðalstraum. Umhverfisstofnun telur æskilegt að setja fram með tilkynningu framkvæmdaraðila niðurstöður straummælinga á hverjum af fyrirhuguðum staðsetningum sjókvía. Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt leiðbeiningum um bestu fánlega tækni við fiskeldi (BAT) er staðarval fiskeldis miðað við að meðalstraumur sé a.m.k. 5 cm/sek.

Í skýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að þær fiskitegundir sem veiddar eru í firðinum séu aðallega þorskur, ýsa og koli en að ekki sé talið að staðsetningar kvía trufla veiðar. Í skýrslunni kemur fram að Skeljaberg ehf. hafi starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands fyrir allt að 200 tonna ársframleiðslu á kræklingi í Rákarbót í Reyðarfirði og Baulhúsavík í Eskifirði. Telur framkvæmdaraðili að ekki verði séð að kræklingaræktin muni hafa áhrif á fyrirhugað eldisstarf Laxa fiskeldis ehf. né öfugt þar sem um 6 km fjarlægð sé milli eldissvæða.

Burðarþol

Framkvæmdaraðili metur burðarþol Reyðarfjarðar 47.000 tonn á ári skv. skýrslunni. Matið er miðað útfrá rúmmáli fjarðarins samanborið við rúmmál og gildandi starfsleyfi til fiskeldis í Mjóafirði og Fáskrúðsfirði og rúmmáli og núverandi framleiðslumagni í 2 fjörðum í Noregi. Umhverfisstofnun telur að forsendur fyrir mati framkvæmdaraðila á burðarþoli Reyðarfjarðar séu ófullnægjandi og telur að ítarlegra mat þurfi að gera á burðargetu fjarðarins.

Umhverfisáhrif

Í skýrslu Laxa fiskeldis ehf. kemur fram að engar laxveiðiar eru í Reyðarfirði og að gönguleiðir laxfiska séu hvergi nærri fyrirhuguðu eldi. Framkvæmdaraðili telur að með þeim búnaði sem notaður verður sé ekki hætt á slysasleppingum. Umhverfisstofnun telur að erfitt sé að útiloka alfarið slysasleppingar í laxeldi og bendir á að laxveiðirár er að finna í nálægum fjörðum, í Breiðdalsvík, Héraðsflóa og Vopnafirði þó fyrirhugað laxeldi sé ekki á svæði þar sem laxeldi í sjó er óheimilt samkvæmt auglýsingu Landbúnaðarráðuneytisins nr. 225/2001 Fram kemur að dauður fiskur verði urðaður á löggiltum urðunarstað.

Skv. skýrslu Laxa fiskeldis ehf. verður fóðurgjöf tölvustýrð og er reiknað með að fóðurtap verði um 2%. Næringarefnalosun frá eldinu mun verða um 580 tonn af köfnunarefni og 80 tonn af fosfati á ári þegar fullri framleiðslu er náð skv. skýrslunni. Framkvæmdaraðili telur samkvæmt skýrslunni að vegna strauma og dýpis í Reyðarfirði sé ekki hætt á uppsöfnun næringarefna og telur að áhrif næringarefnalosunar verði staðbundin, tímabundin og afturkræf.

Botndýralíf hefur verið rannsakað í Berufirði og Fáskrúðsfirði af Náttúrustofu Vestfjarða skv. skýrslu framkvæmdaraðila. Í skýrslunni kemur fram að niðurstöður þeirra rannsókna sýni að botndýrasamfélögum í Berufirði svipi til þeirra sem eru í nálægum fjörðum og það sé því ekki hætt á að tegundum eða samfélögum verði útrýmt af svæðinu þó að tímabundin röskun á botndýralífi eigi sér stað undir kvíum. Einnig að mikilvægt sé að hvíla svæði með jöfnu millibili. Ekki er fjallað um botndýralíf í Reyðarfirði í skýrslunni. Fram kemur að fylgst verði reglulega með botni undir kvíum og jafnframt verði næsta umhverfi stöðvarinnar vaktað. Einnig að fylgst verði með uppsöfnun næringarefna með sýnatöku.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað eldi á 10.000 tonnum í Reyðarfirði er umfangsmikið og leggur áherslu á mikilvægi þess að rannsóknir fari fram á botndýralífi áður en það verður heimilað og telur jafnframt mikilvægt að vöktun fari fram á botndýralífi og uppsöfnun næringarefna undir kvíum. Einnig að tryggt verði að svæði séu hvíld nægjanlega lengi milli eldisárganga til þess að botndýralíf nái að jafna sig.

Stofnunin bendir auk þess á að annar aðili hefur sótt um starfsleyfi fyrir 6.000 tonna framleiðslu á laxi í Reyðarfirði og yrði af öllum þessum framkvæmdum væri framleiðslan 22.000 tonn á laxi auk 200 tonna kræklingaeldis í firðinum. Því telur stofnunin að meta þurfi sammögnunaráhrif fyrirhugaðs fiskeldis og telur að gera ætti ítarlegra mat á burðarþoli fjarðarins.

Niðurstaða


Framkvæmdaraðili fyrirhugar eldi á 10.000 tonnum af laxi í sjó í Reyðarfirði en þegar hefur 6.000 tonna framleiðsla á laxi í firðinum verið heimiluð. Einnig hefur annar aðili sótt um starfsleyfi til framleiðslu á 6.000 tonnum af laxi í firðinum. Heildarframleiðsla á laxi í sjó í Reyðarfirði mun þá verða 22.000 tonn og telur Umhverfisstofnun að svo umfangsmikið eldi muni skapa umtalsvert álag á lífríki fjarðarins. Umhverfisstofnun telur þó, miðað við það sem fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila, að aðstæður í Reyðarfirði séu fremur góðar til fiskeldis m.a. þar sem ekki er um þröskuldsfjörð að ræða og vatnsskipti í firðinum greið. Stofnunin telur hins vegar að forsendur fyrir mati framkvæmdaraðila á burðarþoli fjarðarins séu ófullnægjandi og telur að gera þurfi ítarlegra mat á burðarþoli Reyðarfjarðar og meta sammögnunaráhrif framkvæmdarinnar með öðru eldi áður en ráðist er í svo umfangsmikið sjókvíaeldi þar. Einnig telur stofnunin mikilvægt að afla upplýsinga um botndýralíf á fyrirhugðum eldissvæðum.


Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð fjarlægð milli eldiskvía er ekki í samræmi við viðmiðanir í reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi og þar sem umtalsverður þéttleiki í kvíum er einnig fyrirhugaður, muni skapast álag á botndýralíf og annað lífríki í nálægð við eldið.

Stofnunin leggur áherslu á að fylgjast þurfi vel með dreifingu úrgangsefna frá eldinu þannig að ekki skapist hætta á útrýmingu botndýra af eldissvæðinu og uppsöfnun úrgangsefna sem geta leitt af sér súrefnisþurrð. Telur stofnunin mikilvægt að hvíld svæða verði hagað eftir ástandi þeirra og niðurstöðum vöktunar fremur en fyrirfram ákveðinni tímalengd.

Umhverfisstofnun telur í ljósi ofangreinds að framkvæmdir og starfsemi fyrirhugaðs fiskeldis í Reyðarfirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum skv. 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst


Ólafur Arnar Jónsson
Sviðsstjóri


Guðrún Lára Pálmadóttir
Sérfræðingur